

Leiðarvísir

*Platinum*⁷⁵⁰



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna, Sweden
www.husqvarnaviking.com

PFAFF-Borgarljós hf, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
 sími 414-0400 www.pfaff.is



412 82 78 - 07A • inHouse • © 2005 VSM Group AB • Allur réttur áskilinn, prentað í Svíþjóð í umhverfisvænan pappir

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

- Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang.
Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Efnisyfirlit



Kynnist Platinum 750

Yfirlit - vél að framan	2
Yfirlit - vél að aftan	3
Hólf fyrir fylgihluti	3
Fylgihlutir	3
Vélin tekin í notkun	4
Vélin tengd við rafmagn	4
Gengið frá vélinni eftir notkun	5
Hólf fyrir fylgihluti	5
Keflispinnar	6
Yfirtvinninn þræddur	7
Þræðari fyrir nál	8
Þræðing á tvíburanál	9
Spólað á spóluna	10
Spólan sett í vélina	10
Spólað í gegn um nálina	11
Nálar	12
Skipt um nál	12
Saumfætur	13
Skipt um saumfót	14
Þrýstingur á saumfót	14
Tvinnaspenna	15
Flytjari tekinn úr sambandi	16



Aðgerðir og skjár

Snertiskjár	17
Val á saumum	18
Teikn á skjá	20
Forritun	22
Forritun á saumum og stöfum	24
	25



Þrif og viðhald á Platinum 750

Truflanir og ráð við þeim	27
	30



Efnisyfirlit í stafrófsröð

32


Innihald á video kennsluspólu um Platinum 750

34





Kynnist Platinum 750




Yfirlit - vél að framan

- | | |
|---------------------------------------|---|
| 1 Lok | 18 Tvinnaspenna fyrir spólun |
| 2 Stillir fyrir þrýsting á fót | 19 Aðal keflispinni |
| 3 Þráðgjafi | 20 Skífur fyrir tvinnakefli |
| 4 Tvinnaspenna | 21 Þræðingar fyrir spólun |
| 5 Forspenna | 22 Auka keflispinni |
| 6 Snerill til að stilla tvinnaspennu | 23 Spólari |
| 7 Tengill fyrir nema á hnappagatafæti | 24 Spólara-stopp |
| 8 Ljós | 25 Tvinnahnífur fyrir spólun |
| 9 Þræðari fyrir nál | 26 Handhjól |
| 10 Nálstöng | 27 Skjár og aðgerðarhnappar |
| 11 Saumfótur | 28 Aðalrofi, og tenglar fyrir mótstöðu og rafmagn |
| 12 Fríarmur | 29 Málband (tommur og sentimetrar) |
| 13 Lok yfir grípara | |
| 14 Botnplata | |
| 15 Snerill fyrir flytjara uppi/niðri | |
| 16 Fótstöng og fóthalda | |
| 17 Festiskrúfa fyrir nál | |




Yfirlit - vélin að aftan

- 30** Handfang
- 31** Fótlyftir
- 32** Tvinnahnífur
- 33** Þræðari fyrir nál



Hólf fyrir fylgihluti

- 34** Hólf fyrir fylgihluti
- 35** Hólf fyrir saumfætur
- 36** Hólf fyrir spólur




Fylgihlutir

Nálar

Tvinni

Saumfætur A, B, C, D, E, J og hnappagatafótur með nema (sjá bls.13-14 þar sem er yfirlit um saumfætur).

- 37** Bursti
- 38** Opnari fyrir stingplötu (er festur við burstann)
- 39** Skrúfjárn
- 40** Sprettihnífur
- 41** Jöfnun
- 42** Spólur
- 43** Filtskífur
- 44** Áhald til að fjarlægja peru






Vélin tekin í notkun


1. Setjið vélina á borð, fjarlægjið þakkingar og lyftið lokinu af vélinni.
2. Fjarlægjið þakkingar, fótstötöðuna og lokið af vélinni.
3. Vélin er afgreidd með þoka með fylgihlutum og rafmagnssnúru.
4. Strjúkið af vélinni með þurrum klút, og sérstaklega í kring um nálasvæðið til að jarlægja ryk og óhreinindi áður en byrjað er að sauma..

Fótstötstaðan tengd

Meðal fylgihlutanna eru snúrur fyrir fótstötöðuna og rafmagnnið. Tenging á snúrunni fyrir fótstötöðuna er aðeins nauðsynleg í fyrsta sinn sem vélin er tekin í notkun;



1. Takið snúruna fyrir fótstötöðuna. Snúðið stötöðunni við og tengið snúruna við tengilinn innan í úrtakinu neðan á fót-stötöðunni.
2. Þrýstið tenglinum alveg inn í tengilinn á stötöðunni..
3. Leggið snúruna í gegn um raufina sem er hægra megin neðan á fótstötöðunni.



Vélin tengd við rafmagn

Neðan á vélinni eru upplýsingar um spennu hennar (V = volt) og (Hz = riðafjöldi).

Áður en þið tengið fótstötöðuna við vélina, gangið úr skugga um að hún sé af gerðinni "FR4" (sjá neðan á fótstötöðunni).


1. Tengjið fótstötöðuna við fremri tengilinn sem er á hægri hlið vélarinnar.
2. Tengjið rafmagnssnúruna við aftari tengilinn á hægri hlið vélarinnar.
3. Þegar þið kveikið á aðalrofanum (ON) þá kviknar á vélinni og ljósi hennar.





Gengið frá vélinni að saum loknum

1. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni (OFF).
2. Takið snúruna fyrst úr sambandi við vegg tengilinn og síðan úr vélinni.
3. Vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í vasann utan á lokinu. Hér er einnig hægt að geyma leiðarvísinn og handbókina.
4. Takið fótstöðuna úr sambandi frá vélinni - vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í úrtakið neðan á fótstöðunni.
5. Gætið þess að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu fyrir fylgihlutina. Rennið því síðan á sinn stað utan um fríarm vélarinnar.
6. Setjið fótstöðuna, með neðri hlutann að ykkur þannig að hún falli í raufina sem er á hólfinu fyrir fylgihlutina aftan til á vélinni.




Hólfíð fyrir fylgihluti

Í hólfinu fyrir fylgihlutina eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur, nálar og aðra fylgihluti. Gangið þannig frá fylgihlutum að auðvelt sé að nálgast þá.

Hólfíð fyrir fylgihlutina fjarlægst.


Til að nota fríarminn er nauðsynlegt að fjarlægja hólfíð fyrir fylgihlutina. Þegar hólfíð er á sínum stað undir fríarminum, þá er því haldið á sínum stað með smá plastkrók. Það er hnappur neðan á vinstri hlið hólsins (1) sem ýtt er á til að fjarlægja það. Þrýstið á hnappinn upp á við og rennið hólfinu til vinstri..





Keflispinnar

Á Platinum 750 eru tveir keflispinnar - aðal og auka keflispinnar. Keflispinnarnir henta svo til öllum gerðum af tvinnakeflum. Sveigið aðal-keflispinnann upp á við til hægri - setjið tvinnakefli á hann þannig að tvinninn renni réttsælis af keflinu. Rennið hentugri skífu upp að keflinu (sjá að neðan) og sveiflið pinnanum síðan aftur í lárétta stöðu.




Aðal-keflispinninn

Aðal-keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann bæði í lárétttri stöðu (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðrétttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Það eru tvær skífur á keflis-pinnanum, ein stór (a) og önnur minni (b). Notkunin á skífunum fer eftir því hvaða tegund af tvinnakefli og í hvaða stöðu keflispinninn er. Notið lárétta stöðuna fyrir öll venjuleg tvinnakefli og lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli, eða sérstakan tvinna.


Lárétt staða

Þegar keflispinninn er notaður í lárétttri stöðu og fyrir venjuleg tvinnakefli, þá er stærri skífan (a) sett undir tvinnakeflið. Smærri skífan (b) er svo sett fyrir framan keflið.

Ef þið notið stærri tvinnakefli, þá er minni skífan sett undir keflið (b) en stærri skífan sett fyrir framan það (a).



Lítið kefli






Stórt kefli

Þrýstið flötu hliðinni á skífunum upp að tvinnakeflinu, og gætið þess að ekkert bil sé á milli skífunnar og keflisins.

Lóðrétt staða

Ef nota á keflispinnann í lóðrétttri stöðu, þá er honum smellt upp á við til hægri. Rennið stærri skífunni á hann og setjið filtskífu undir tvinna-keflið. Hún er til þess að tvinninn renni ekki of hratt af keflinu.






Auka-keflispinninn

Auka-keflispinninn er notaður t.d. þegar verið er að spóla á spóluna af öðru tvinna-kefli, eða fyrir annað tvinna-kefli þegar verið er að sauma með tvíburanál.

Þegar verið er að nota aukakeflispinnann þá er stærri skífa og filtskífa sett á hann.



Yfirtvinninn þræddur

Þegar yfirtvinninn er þræddur er saumfót-urinn hafður í efri stöðu, og nálin höfð í efstu stöðu.

1. Smellið keflispinnann upp á við og setjið skífu og tvinna-kefli á hann (farið eftir leiðbeiningunum hér á undan). Tvinninn á að renna réttisælis af keflinu. Setjið keflispinnann aftur í lárétta stöðu. Haldið í tvinnann nálægt keflinu og notið hægri hendina. Notið vinstri hendina til að smeygja tvinnanum í raufarnar eins og örvarnar sýna.
2. Smeygið tvinnanum í fyrstu stýringuna (a), síðan niður

og aftur upp á milli skífanna í tvinnaspennunni (b).

3. Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Smeygið tvinnanum frá hægri þegar þrætt er í raufina á þræðgjafanum.
4. Smeygið tvinnanum síðan í síðustu stýringuna rétt fyrir ofan nálina.
5. Nálin er þrædd framan frá. (Sjá nánar í þræðara fyrir nál).
6. Smeygið tvinnanum undir saumfóttinn og þaðan í tvinnahnífinn sem er vinstra megin á vélinni og togið aðeins í hann niður á við til að klippa hann.




Þræðari fyrir nál


Nálin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota þræðarann. Við mælum einnig með því að saumfóturinn sé settur niður.

1. Togið þræðarann alveg niður og látið tvinnann krækjast undir stýringuna (a).
2. Snúið honum fram á við þar til járnhlífarnar á honum fara utan um nálina. Þá fer lítill krókur í gegn um nálaraugað.
3. Leggið nú tvinnann um stýringuna og síðan undir járnhlífarnar sem eru utan um nálina og þannig að tvinninn fari í krókinn sem fór í gegn um nálaraugað.
4. Látið nú þræðarann fara hægt og rólega til baka og við það dregur krókurinn á þræðaranum tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinum megin. Togið lykkjuna síðan alveg í gegn um nálina.
5. Setjið tvinnann undir saumfótinn og klippið hann.

ATH: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann á mjög fínar nálar í grófleika 60 eða finni, og ekki á wing-nálar (húllsaumsnálar), tvíbura eða þríburanálar, eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Þegar verið er að nota nokkur önnur aukataeki gæti þurft að handþræða nálina. (sjá að neðan).


Þegar nálin er þrædd með höndunum, verður að gæta þess að þræða hana framan frá. Hvítí flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað, og hægt er að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.





Þræðing fyrir tvíburanál

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna. (sjá nánar á bls. 12 "Skipt um nálar".
2. Notið auka-keflispinnann og annað tvinnakefli eða spólið tvinna á aðra spólu og notið hann..
3. **VINSTRI NÁLIN (RAUÐ):** Þræðið eins og lýst var á bls. 7 og gætið þess sérstaklega að tvinninn fari á milli innri spenniskífanna og inn í stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið vinstri nálina.
4. **HÆGRI NÁLIN (BLÁ):** Togið auka-keflispinnann upp og setjið stóru skífuna og filtskífu á hann.
5. Setjið tvinnakefli eða spólu með tvinna fyrir hina nálina á keflispinnann.
6. Þræðið vélina eins og áður var lýst, en þessi tvinni verður að vera á milli ytri spenniskífanna og fyrir utan síðustu stýringu fyrir ofan nálina. Þræðið hægri nálina.



Spólað á spóluna

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerki Husqvarna snúa upp. Ýtið síðan niður á spólarann.
2. Setjið skífu og filtskífu á auka-keflis-pinnann
3. Þræðið tvinnann í fyrstu stýringuna (a), síðan undir næstu stýringu (b) og þaðan yfir síðustu stýringuna (c) eins og sýnt er á myndinni að ofan.
4. Snúið tvinnannum nokkra hringi rétt-sælis í kring um spóluna og síðan í tvinnahnífinn (d).
5. Stígið á fótmótstöðuna. Þegar spólan er orðin full, þá stöðvast spólarinn sjálf-krafa. Fjarlægjið spóluna og klippið tvinnann. Ýtið spólarann upp á við.


ATH: Eftir gæðum tvinnans getur verið gott að snúa tvinnanum einu sinni eða tvisvar í kring um fyrstu stýringuna (a).


Spólan sett í vélina



Takið vélina úr sambandi

1. Fjarlægjið lokið yfir gríparann með því að renna því fram á við.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið og gætið þess að vörumerki Husqvarna snúi upp og tvinninn snúi til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar togað er í tvinnann.
3. Setjið finger ofan á spóluna til að halda við hana um leið og þið togið í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennu-fjöðrina (a) þar til hann "smellur" á sinn stað.
4. Haldið áfram að þræða í kring um (b) og til hægri og þaðan til vinstri í tvinnahníf-inn (c). Setjið lokið aftur yfir gríparann(1). Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).





Spólað í gegn um nálina

Aðgætið að nálín og saumfóturinn séu í efstu stöðu. Notið eingöngu grænu Husqvarna spólurnar.

Notið eingöngu saumfót úr járni þegar spólað er í gegn um nálina.

Spólið eins og lýst var hér á undan. Eini munurinn er sá að tvinninn er þræddur í gegn um nálina, þaðan undir saumfótinn og síðan til hægri yfir stýringuna (c).

Ath: Við mælum ekki með því að spóla sér-tvinna eins og glærum tvinna eða aðra teygjanlega tvinna í gegn um nálina. Spólið þá á “venjulegan hátt” eins og lýst var hér á undan.



Nálar

Saumavélanálin er mikilvægur hlekkur þegar verið er að sauma. Gætið þess að kaupa eingöngu gæðanálar og nálar af tegund 130/705H. Nálarnar sem fylgja Platinum 750 vélinni innihalda mest notuðu grófleikana fyrir bæði ofin og teygjanleg efni.

A. Alhliða nálar í grófleikum 80 og 90

Þessar nálar eru notaðar við saum á ofnum efnum. Oddur nálanna er hannaður þannig að hann stingi á milli þráðanna, svo hann skemmi ekki vefnaðinn.

B. Nálar fyrir teygjanleg efni í grófleika 90

Þessar nálar eru oftast kallaðar “stretch” nálar og eru fyrir þrjúnuð og teygjanleg efni. Þær eru merktar með gulum lit og eru með kúlulagaðan odd,

C. Nálar fyrir gallabuxnaefni í grófleika 90



Þessar nálar eru kallaðar “Jeans” nálar og eru hannaðar fyrir gróf ofin efni eins og “denim” og segldúka. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um þessi grófu efni.

Skipt um nál




Takið vélinu úr sambandi

1. Losið um skrúfuna í nálarhöldunni.
2. Fjarlægið nálina.
3. Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn snúi frá ykkur, og ýtið henni eins hátt upp í hölduna og hægt er.
4. Notið skrufjárn til að herða skrúfuna.



Ath: Skiptið reglulega um nálar og notið eingöngu beinar og oddhvassar nálar.

Skemmd nál (b) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, að nálin brotni eða tvinninn slitni. Skemmd nál getur líka skemmt stingplötuna á vélinni.






Saumfætur

Með vélinni fylgja nokkrir saumfætur fyrir hina ýmsu sauma.


Saumfótur A

Er á fóthöldunni þegar vélin er afgreidd frá verksmiðju. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak þar sem sporlengdin er lengri en 1,0.




Saumfótur B

Þegar saumuð eru þétt zik zak spor með sporlengd minni en 1,0. Einnig er gott að nota þennan fót með ýmsum nytja- og skrautsaumum. Úrtakið neðan á fætinum rennur mjög vel yfir þetta sauma.




Saumfótur C

Þetta er hnappagatafótur, og er með línur sem ákvarða lengd. Miðlínán gefur til kynna 15mm fjarlægð frá jaðri. Raufarnar tvær undir fætinum eru einnig góðar stýr-ingar fyrir leggi hnappagatsins..




Saumfótur D

Þessi fótur er fyrir blindfalda. Innri brún fótarsins stýrir efninu og botninn er hannaður þannig að hann rennur meðfram faldbrúninni.




Saumfótur E

Þessi fótur er fyrir rennilása og hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálin sé annaðhvort vinstra eða hægra megin við hann.



Saumfótur J


Þessi fótur er notaður til að kasta jaðra, þ.e.a.s. fyrir sauma sem eru með 5,0 og 5,5 mm. breidd. Saumarnir saumast yfir pinnann en hann kemur í veg fyrir að jaðrarnir dragist inn.





Hnappagatafótur með nema eða skynjara

Þegar þessi fótur er tengdur við vélina, þá getur vélin saumað aftur og aftur sömu lengd af hnappagati og upprunalega var saumuð með þessum fæti. Miðlínán á fæt-inum gefur til kynna 15mm fjarlægð frá brún efnisins.




Skipt um saumfót



Takið vélina úr sambandi

1. Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Togið í saumfótinn skáhallt fram á við.
2. Setjið nýjan fót þannig í fóthölduna að pinninn í saumfætinum sé á mótis við fjöðrina í fóthöldunni. Þrýstið á fótinn þar til hann smellur á sinn stað.




Þrýstingur á saumfót (a)

Hægt er að stilla þrýstinginn á saumfótinn með skífunni sem er undir lokinu á Platinum 750. Venjulega stillingin er í kring um svæði merkt 4 og því hærri sem talan er, þeim mun meiri þrýstingur er á efnin. Þrjón og mjúk efni ætti að sauma með minni þrýstingi.

Fótlýftir (b)

Fætinum er lyft og hann lækkaður með fótlýftinum. Fóturinn verður ávallt að vera niðri þegar reynt er að sauma.

Með því að lyfta fætinum í efstu stöðu, og þrýsta síðan á fótlýftinn þá er hægt að auka svæðið undir fætinum um nokkra millimetra.






Yfirtvinnaspenna

Notið ávallt þá tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum.

Hægt er að breyta yfirtvinnaspennunni ef verið er að sauma sérstök efni eða sauma. Þetta er gert með því að snúa skífunni á yfirtvinnaspennunni (a). Því hærri sem talan er þeim mun meiri verður spennan. Venjulegasta stillingin er á svæðinu í kring um 4.

Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma ætti að stilla á svæði 3.

Þegar verið er að stinga jaðarstungur með grófum tvinna þarf að auka spennuna á 7-9.




Rétt og röng tvinnastilling;

Til að skilja rétta tvinnastillingu ættuð þið að sauma nokkur zik zak spor og breyta stillingunni á yfirspennunni.

1. Byrjið með tvinnaspennu sem er of lág. Stillið á lægri tölu. Undirtvinninn liggur nú beinn og togar yfirtvinnann niður á rönguna.
2. Ef tvinnaspennan er stillt of hátt, þá skeður það gagnstæða, og saumurinn rykkist og tvinninn slitnar e.t.v.
3. Rétt tvinnastilling er þegar yfir og undirtvinninn mætast á milli efnanna, nema í skrautsaumum, þá eiga þeir að hnýtast rétt við jaðarinn á röngunni.


Saumið nokkra profusauma á efnisbúta af sama efni og sauma á seinna meir. .






Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi með því að snúa snerlinum framan á fríarminum á táknið **—**. Snúið honum svo aftur til hægri á táknið **▲▲** þegar þið viljið setja hann aftur í samband. Flytjarinn fer aftur í samband um leið og byrjað er að sauma. Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar verið er að festa tölur, og við fríhendis saumaskap.



AÐGERÐIR OG SKJÁRINN





Aðgerðarhnappar

NÁLIN UPPI / NÁLIN NIÐRI

er notað til að færa nálina í efri eða neðri stöðu og/eða til að láta vélina stöðvast með nálina í efri eða neðri stöðu..

Stop

STOP er notað til að ljúka við ákveðið spor eða mynstur. Vélin stöðvast að saum loknum og gengur sjálfkrafa frá endunum.

STOP er afturkallað með því að ýta aftur á hnappinn eða með því að velja annan saum. Þegar **STOP** er virkt, þá kemur teikn á skjáinn. Hægt er að forrita Stop-aðgerðina.

Fix

FIX er notað til að ganga frá tvinnaendunum. Þegar ýtt er á hnappinn þá kemur teikn á skjáinn. Ef ýtt er aftur á hnappinn þá er aðgerðin gerð óvirk. Þegar byrjað er að sauma, saumar vélin nokkur spor til að ganga frá tvinnaendunum og saumar síðan valinn saum. Ýtið aftur á **FIX** hnappinn á meðan saumað er og þá gengur vélin frá endunum þegar hætt er að sauma.

Hraði

Hámarkshraði vélarinnar er 900 sp/mín.

Allir saumar í Platinum 750 hafa ákveðinn hraða sem mælt er með fyrir þann saum og þegar byrjað er að sauma þá mun Platinum

750 sauma á þeim hraða sem ákveðinn var. Með því að snerta **SPEED** hnappinn þá getið þið skipt á milli þriggja hraðastillinga. Ef þið hafið minnkað hraðann á handvirkan hátt, þá notar vélin þann hraða á alla sauma þar til slökkt verður á henni.

Afturábak

AFTURÁBAK Ýtt er á þennan takka þegar þið viljið að vélin saumi afturábak. Þegar takkanum er sleppt saumar vélin áfram á ný. Lengsta afturábaksþorið er 3 mm.

Ef þið viljið af einhverjum ástæðum láta vélina sauma stöðugt afturábak þá er ýtt tvisvar sinnum snögg á takkann áður en byrjað er að sauma. Afturábaksaumur er gefinn til kynna með teikni á skjánum.

Platinum 750 saumar afturábak þar til ýtt er á hnappinn á ný.

Sporlengd

Þegar saumur er valinn þá stillir



Platinum 750 sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn var. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdartakkana. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á (+) eða (-) hnappinn.

Sporbreidd

Sporbreiddin er stillt á sama hátt. Breiddin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporbreiddartakkana, og hægt er að stilla breiddina frá 0 og upp í 6 mm. Ef beint spor er valið þá eru sporbreiddartakkarnir notaðir til að færa nálarstöðuna til í fætinum.

Hliðarspeglun

Ýtið á þennan takka þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Þegar ýtt er á þennan takka þegar stillt er á beint spor með nálarlegu til vinstri, þá breytist nálarstaðan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi takki er snertur í **REP**, þá snýst öll mynsturröðin við (sjá bls. 26).

Endaspeglun

Ýtið á þennan takka þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur í lengdarspeglun. Ef þessi takki er snertur í **REP**, aðgerð, þá snýst öll mynsturröðin við (sjá bls. 26). Ef **STOP** er forritað í lok mynsturraðarinnar, og mynsturröðin er endapegluð, þá kemur **STOP** aðgerðin í byrjun.

-FUNC

Ýtið á þennan takka til að fletta á milli aðgerða í Platinum 750. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir; **NORM**, **PROG** og **REP**. **NORM** aðgerðin (venjulegur sauma- skapur) er alltaf virk þegar kveikt er

á vélinni. Ýtið einu sinni á takkann til að fara í forritunaraðgerðina **PROG** - aðgerðina, sem notuð er til að sauma forritaðar aðgerðir. Snertið einu sinni enn til að fara yfir í **REP** aðgerðina, sem notuð er til að sauma saumaraðir. Snertið síðan einu sinni enn til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerð. Virk aðgerð er sýnd á skjánum.

Valörvar

Þessir hnappar eru notaðir til að fara áfram og aftur á bak í ákveðinni forritaðri mynsturröð.

Minni

Platinum 750 er með tvö minni þar sem hægt er að geyma forrituð mynstur. Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma eða bókstafi. Örvarnar eru notaðar til að fara fram og til baka að vild í minnin í **PROG** eða **REP**. Viðkomandi númer í minni er sýnt í neðra hægra horni skjásins.

CLR

Ýtið á þennan takka í **PROG** til að eyða öllu eða hluta af mynstri (sjá bls. 26). Þegar búíð er að eyða mynstri í minni, þá fer númer þess af skjánum.

Valmyndir fyrir sauma

Í Platinum 750 eru tvær grundvallar valmyndir:

 Saumar

 Stafróf

Teikn í efra hægra horni skjásins gefur til kynna þá valmynd sem er í notkun.

Á næstu blaðsíðum er nánar fjallað um hvernig velja á hina ýmsu sauma.



Saumar valdir

Í Platinum 750 eru tvær mismunandi val-myndir. Saumar og stafróf.



Nytja og skrautsaumar

Í Platinum 750 eru 35 nytjasaumar (val-mynd 1), og 35 skrautsaumar (valmynd 2). Nytjasaumarnir eru sýndir á snertiborðinu framan á vélinni, en skrautsaumarnir eru sýndir innan á loki vélarinnar. Einnig er yfirlit yfir nytjasaumana á bls. 60 í handbókinni sem fylgir vélinni.

Ýtið á takkann fyrir valmyndina fyrir saum-

ana  til að fara á milli valmynda. Valin valmynd er sýnd á skjánum.

Ýtið á einhvern saumhnappinn til að velja saum. Númer viðkomandi saums kemur á skjáinn. Þegar saumurinn er t.d. sýndur sem 1:02 þá þýðir 1 valmynd 1 og 02 valinn saum. *Það sama gildir um 2:20 - það er saumur nr. 20 í valmynd nr. 2..*

Platinum 750 stillir sjálf réttan hraða, rétta sporlengd og sporbreidd. Ráðlagður saumfótur og tvinnaspenna eru sýnd á skjánum. Stillið vélina í samræmi við þessar ráðleggingar.





Stafróf

Í Platinum 750 er stafróf - útlínu blokk leturgerð.

Ýtið á takkann fyrir stafrófið  og þá er "A.." sýnt á skjánum.


Ýtið á staf (sýndir með rauðum lit á valhnöppunum) til að velja hann. Númer viðkomandi hnapps kemur í ljós á skjánum. T.d. kemur talan 5 á skjáinn fyrir stafinn E.

Undirvalmynd fyrir stafróf

Þegar ýtt er á hnappinn fyrir stafrófið  þá kemur "A.." á skjáinn sem þýðir að hástafir eru valdir. Hægt er að velja á milli hástafa, lágstafa og tölustafa/sértákna með því að ýta einu sinni eða tvisvar á hnappinn fyrir stafrófið. Þá kemur t.d. "a.." á skjáinn fyrir lágstafi og "1.." fyrir tölustafina og sértáknin.



Outline Block alphabet



Hnappur




Hástafir og lágstafir
Tölustafir og sértákn



Teiknin á skjánum

Á skjánum eru ávallt teikn, sem gefa ykkur allar upplýsingar sem þið þurfið á að halda til að ná sem bestum árangri í ykkar saumaskap. Sum teiknin eru ávallt virk og önnur birtast bara við ákveðnar aðstæður. Teiknin sem birtast á skjánum eru sýnd og útskýrð að neðan.



Almenn teikn

1 UPPLÝSINGAR UM NÁLARSTÖÐUNA:

Gefur til kynna hvort vélin stöðvast með nálina uppi eða niðri.

2,3 Hér er sýnt hvort aðgerðirnar **HLIÐAR-SPEGLUN** eða **ENDASPEGLUN** hafa verið valdar.

4 Hér er ráðlagður **SAUMFÓTUR**

5 Gefur til kynna að **STOP** aðgerð sé virk.

6 Gefur til kynna að **FIX** aðgerð sé virk.

7 Hér er ráðlögð **TVINNASPENNA**.

A.. Yfirlitsgluggi

8 Sýnir að **STAFRÓF** er virkt.

9 Sýnir að valmynd fyrir **SAUMA** er virk.

10 Gefur til kynna valda **SAUMAVALMYND**.

11 Hér er **HRAÐINN**

12 Gefur til kynna að taka **FLYTJARANN ÚR SAMBANDI**.

13 Hér er **SPORLENGDIN**

14 Gefur til kynna að **AFTURÁBAKSAUMUR** er virkur.

Þegar verið er að stoppa í (saumur 19), fyrir mjókkandi/breikkandi sauma (nr 18) eða þegar verið er að sauma handvirk hnappagöt, þá gefur blikkandi teikn til kynna að hér þurfi að ýta á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumátt.

15 Hér er **SAUMBREIDDIN**.


16 Hér er **VALIN AÐGERÐ**.

17 Og hér er **NÚMER Á VÖLDUM SAUM**.



Forritunarteikn


- 18** **PROG** og **REP** er sýnt hér og gefur til kynna hvort þið eruð í forritunaraðgerð eða hvort þið eruð í endurtekinni aðgerð að sauma saum.



- 19** Tölustafur gefur til kynna **VIRKT MINNI**

Teikn fyrir hnappagat

- 20** Þegar þið saumið handvirk hnappagöt, þá gefur blikkandi teikn til kynna að þið þurfið að ýta á **AFTURÁBAK** til að færa á milli mismunandi aðgerða í hnappagatinu.




Þegar þið saumið hnappagöt með fætinum með innbyggða nemanum tengdan við vélina.

- 21** **HNAPPAGATAFÓTUR MEÐ NEMA** er tengdur.

- 22** Stillið á **STÆRD TÖLU**, með því að ýta á sporlengdartakkana (+) eða (-). Með því að snerta **CLR**, getið þið flett á milli þess að stilla stærð á tölu og þéttleika hnappagatsins.

- 23** Teiknið fyrir töluna sýnir að stærðin er sýnd á 22.





Forritun

Með **Platinum 750** er hægt að forrita sauma og stafróf í mynsturraðir. Geymið síðan mynsturröðina í minnum vélarinnar. Hún er geymd þar jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

PROG aðgerð

Ýtið á **FUNC** til að gera **PROG** aðgerðina virka.

M Minni

Ýtið á **M** til að velja minni. M og tölustafurinn sem er á eftir honum gefur til kynna virkt minni. Í vélinni eru tvö minni (M1 og M2). Hvort minni getur geymt upp í 30 sauma, sem þýðir að þið getið geymt allt að 60 sauma og/eða stafi í minnunum.

Þegar **PROG**, er gert virkt, þá verður síðast notaða minnið virkt. Til að vista sauma í hinu minninu, þá veljið þið fyrst númer minnisins áður en byrjað er að forrita.

Farið á milli forritaðra sauma

Notið örvartakkana til að fletta á milli sauma til að sjá hvað hefur verið forritað. Á skjánum sést þá ávallt númer viðkomandi saums í mynsturröðinni.

Saumum eytt úr forritaðri röð

Ef saumar eru í minninu sem þið viljið eyða, þá ýtið þið á **CLR** til að eyða þeim. Minnið er þá hreinsað frá þeim stað sem saumurinn var og út að enda. Til að hlaða inn aftur mynstri sem hefur verið eytt er hægt að ýta aftur á **CLR** áður en nýir saumar eru settir inn, eða áður en þið snertið örvarhnappana á ný.



Ath: Þegar verið er að forrita, þá hafið þið möguleikann á því að gera bilið á milli tveggja stafa lengra. Ýtið á **34** þegar forritið fyrir tölustafina og sértáknin er virkt, til að forrita stutt afturábak spor. Þeim mun fleiri afturábakspor sem þið setjið inn, þeim mun styttra verður yfir í næsta staf.



Saumar og stafir forritaðir

Til að forrita sauminn hér til hliðar.

- Ýtið á **FUNC** til að opna **PROG**.
- Veljið saumavalmynd 2.
- Veljið saum 2:25. Númerið kemur á skjáinn.
- Ýtið á  til að spegla mynstrið enda í enda.

Þegar þið forritið mynsturröð, þá þurfið þið að færa áfram með hægri örvarhnappnum þegar forrita á næsta mynstur eða staf. Annars myndi næsti saumur eða stafur bara koma í staðinn fyrir þann sem fyrir er.

Til að forrita "E" í hástaf ýtið þið einu sinni á valhnappinn fyrir stafrófið. Stafurinn "A.." er nú sjáanlegur á skjánum.


- Veljið **"E"**. Númerið 5 kemur á skjáinn. Færið ykkur nú áfram með því að ýta á hægri örvarhnappinn.

Til að forrita "rika" í lágstöfum, veljið þið lágstafi með því að ýta á forritunarhnappinn fyrir stafrófið. Þegar forritið fyrir lágstafina **a..** er sjáanlegt á skjánum;

- ýtið þið á **r**, og þá kemur tölustafurinn 18 á skjáinn. Færið áfram með hægri örvarhnappnum og haldið áfram að forrita stafina: **i**, **k**, og **a** á sama hátt.

Veljið síðan aftur valmynd 2 til að forrita seinni skrautsauminn.

- Veljið saum 2:25. Númer hans kemur á skjáinn.



Ath: Ef þið viljið aðeins sauma mynsturröðina einu sinni, þá ýtið þið á  í **REP**. Þið getið einnig forritað **STOP** í **PROG**. Forritað **STOP** er þá sýnt með  á skjánum.



Saum eða staf eytt eða bætt inn í

Hægt er að breyta sérhverjum saum eða staf í **PROG** þegar númer viðkomandi saums er á skjánum. Flettið einfaldlega í gegn um mynsturröðina með örvarhnöppunum þar til þið sjáið númer þess saums sem þið viljið skipta um, og veljið einfaldlega nýjan saum í staðinn.



Stillingum á saum í saumaröð breytt

Ef þið viljið breyta stillingum á saum eða staf í saumaröð, þá notið þið örvarhnappana til að fletta fram að viðkomandi saum. Þá getið þið breytt sporlengdinni, breiddinni eða speglað sauminn.


Breytingarnar eru sjálfkrafa vistaðar í minni vélarinnar.

Mynsturröðin saumuð

Ýtið á **FUNC** til að kalla fram **REP** aðgerðina. Mælt er með saumfæti B og stop er sýnt með STOP teikninu.

Þið getið notað örvarhnappana til að yfirfara saumaröðina og flett í gegn um hana aftur á bak og áfram.

Saumið ávallt á efni þar sem undirlegg hefur verið lagt undir efnið sjálft.



Speglið alla mynsturröðina

Í **REP** er hægt að hliðarspegla og/eða spegla alla röðina enda í enda. Sú breyting verður hins vegar ekki vistuð í minninu.

UMHIRÐA VÉLARINNAR PLATINUM 750





Skipt um peru



Takið vélina úr sambandi



Skipt um peru

Notið eingöngu perur af sömu gerð og teknar eru fram framan á vélarhausnum. Þær fást hjá umboðsaðila Husqvarna.

1. Setjið áhaldið fyrir peruskiptin þannig að dýpri hluti þess, merktur OUT fari utan um peruna.

Snúið perunni EKKI, togið hana bara niður á við.

2. Þegar ný pera er sett í er hún sett í þann hluta áhaldsins sem er merkt IN, og síðan er henni ýtt upp í perustæðið.





Umhirða vélarinnar



Takið vélina úr sambandi


Til að halda vélinni vel við er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Athugið að það þarf ekki að smyrja vélina.

Hreinsun

Hreinsið vélina að utan með mjúkum og þurrum klút.

Hreinsað í kring um gríparasvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið áhaldið til að fjarlægja stingplötuna á burstann, og síðan í úrtakið fyrir aftan stingplötuna. Hreinsið flytjaratennurnar með burstanum.



Hreinsað undir gríparasvæðinu


Þegar ló safnast saman, þá þarf að hreinsa svæðið undir gríparanum.

Fjarlægið hölduna yfir spóluhúsinu (1) sem er fremst yfir gríparanum (2) Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.

Setjið spóluhúsið og hölduna yfir því aftur á sinn stað.

Stingplatan sett á aftur.

Hafið flytjarann úr sambandi. Staðsetjið stingplötuna ca. 5 mm frá aftari brúninni og þrýstið plötunni síðan aftur á bak. Rennið lokinu yfir gríparanum á sinn stað og setjið flytjarann aftur í samband.





Truflanir og ráð við þeim

Farið yfir þennan lista ef einhver vandamál koma upp þegar þið eruð að sauma;

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið keflispinnann í annaðhvort láréttri eða lóðréttri stöðu.
- Notið tvinnanet og aðeins fyrsta flokks tvinna. Við almenna sauma mælum við með að nota sömu gerð af tvinna sem yfir og undirtvinna, en við útsauma og hnappagöt mælum við eindregið með Sulky 40 útsaumstvinna sem yfirtvinna og Sulky undirtvinna á spóluna.

Efnið rykkist?

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Skiptið um tvinna þannig að hann hæfi völdu efni og saumtækni.
- Notið aðeins gæðatvinna.
- Styttið sporengdina.
- Notið undirleggsefni.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Skiptið um nál og setjið nál af ráðlögð-um grófleika og tegund í vélina.
- Aðgætið að nálin snúi rétt í nálarhöldunni og sé alla leið upp í henni.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið þann saumfót sem mælt er með.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Hafið samband við umboðsaðilann.

Nálin brotnar?

- Togið ekki í efnið um leið og þið saumið.
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Setjið nálina rétt í vélina eins og sýnt er á bls. 12.

Léleg tvinnaspenna?

- Veljið rétt efni í saumráðgjafanum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik. Notið gæðatvinna.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Farið eftir leiðbeiningum um tvinna-spennu.
- Farið eftir ráðleggingum um undirleggs-efni.



Yfirtvinninn slitnar?

- Er auðvelt að toga í tvinnann - festist hann einhversstaðar?
- Notið tvinnanet og gæðatvinna..
- Notið annan grófleika af nál eins og mælt er með í HJÁLPAR valmyndinni.
- Þræðið yfir og undirtvinna á nýjan leik - er vélin rétt þrædd?
- Setjið keflispinnann í aðra stöðu (lárétta eða lóðrétta).
- Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
- Er rétt skífa fyrir framan tvinnakeflið?

Efnið færast ekki?

- Er flytjarinn í sambandi?
- Aukið sporlengdina,

Spólutvinninn slitnar?

- Spólið aftur á spóluna..
- Skiptið um spólu í vélinni. Yfirlarið rétta þræðingu (sjá bls. 10).
- Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
- Hreinsið gríparasvæðið.

Það spólast ójafnt á spóluna?

- Yfirlarið þræðingu fyrir spólun.

Ekki rétt spor - óregluleg og mjó spor?

- Takið öryggið fyrir tvíburanál úr sambandi.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Skiptið um nál, þræðið yfir og undirtvinnann á ný.
- Notið undirleggsefni.

Vélin saumar hægt?

- Yfirlarið stilltan hraða.
- Fjarlægði stingplötuna og burstið ló frá gríparasvæði og flytjara.
- Látið yfirlara vélna hjá umboðinu.

Vélin saumar ekki?

- Togið spólarann upp í saumastöðu.
- Aðgætið að allir kaplar séu alla leið í tenglunum.
- Athugið hvort rafmagn sé að vegg-tenglunum.

Ekkert sést á skjánum?

- Skjárinn getur verið viðkvæmur gagnvart stöðurafmagn. Ef slökkt er á skjánum vegna stöðurafmagns, reynið þá að slökkva á vélinni og kveikja aftur á henni. Ef það dugar ekki er ráðlegt að hafa samband við umboðið.

Látið yfirlara Platinum 750 saumavélina reglulega hjá Husqvarna umboðinu.

Ef þið hafið farið eftir ofangreindum leiðbeiningum en hafið ekki getað lagað það sem að er, er best að koma vélinni til umboðsaðilans. Ef um eitthvað ákveðið vandamál er að ræða er ávallt gott að láta fylgja með saumaða prufu með ykkar tvinna á búi af því efni sem þið eruð að nota. Saumuð prufa segir oft meira en mörg orð.

Hlutir og fylgihlutir frá öðrum

Ábyrgðin á Platinum 750 nær ekki til skemmda eða bilana sem stafa af því að þið hafið notað hluti eða aukahluti frá öðrum framleiðanda.



Efnisyfirlit í stafrófsröð

*Teiknið (ÞWM) fyrir framán
blaðsíðunúmer þýðir að þið finnið
upplýsingar um viðkomandi í Platinum
Family handbókinni. Blaðsíðunúmer
sem er ekki með þessu teikni á við
þennan leiðarvísi.*

Aðal keflispinni	6
Aðgerðarhnappar	18
Aðgerðir	

FUNC	19
NORM	19
PROG	19
REP	19

Afturábaksaumur	18
Aldamótasaumar	ÞWM-38-40
Applíkeringar	ÞWM-35
Auka keflispinni	7

Beinn saumur	ÞWM-6
Blúndur	ÞWM-39
Bókstafir	ÞWM-37
Byrjað að sauma	ÞWM-4
Bætur og rifur	ÞWM-12

“Crazy Quilt” bútasaumur	ÞWM-42
--------------------------	--------

Efni þrædd saman	ÞWM-11
Eitt mynstur	ÞWM-29
Eldingaspor	ÞWM-7
Endaspeglun	19, ÞWM-29
Entredeux saumur	ÞWM-38

FIX	18
Flytjari tekinn úr sambandi	16
Forritun	24-26, ÞWM-30-33
stafir og saumar	25-26, ÞWM-30-33
Fótlýfta	14
Fótmótstaða	4, 5
Fylgihlutum komið fyrir	3
FUNC	19

Gengið frá að saum loknum	5
---------------------------	---

Heftingar	ÞWM-19
Hliðarspeglun	19, ÞWM-29
Hnappagatafótur með skynjara	ÞWM-17
Hnappagöt	

handvirk	ÞWM-18
jafnvægi í hnappagötum	31
m/fæti með skynjara	14, ÞWM-17
m/undirleggsgarni	ÞWM-21
klippið eða skörin	ÞWM-16
mælistika	ÞWM-17
yfirlit	ÞWM-16
þéttleiki	ÞWM-21

Hólf fyrir fylgihluti	3
Hólf fyrir fylgihluti fjarlæggt	5
Hreinsun á vél	29

Ístopp	ÞWM-12
--------	--------

Jöfnunarplatan	ÞWM-15, ÞWM-23
----------------	----------------

Keflispinnar	6, 7
--------------	------

Leður	ÞWM-3
-------	-------

Minni	19, 24
Mjókkandi / breikkandi flatsaumur	ÞWM-37

Nálin	
gölluð nál	12
nálarstaða	ÞWM-7
skipt um nál	12
uppi / niðri	18
þræðari fyrir nál	8

NORM	19
Nytjasaumar	ÞWM-5-26, ÞWM-60
Þrjónuð efni	ÞWM-3

Ofin efni	ÞWM-5
-----------	-------

PROG	19, 24
------	--------



Rennilásar	ÞMA-24	Val á saum	9
REP	19	Val á saum (nytja og skrautsaumar)	20
Rétt og röng tvinnaspenna	15	Val á saum (stafróf)	21
Rifur og bætur	ÞMA-12	Valmyndir fyrir sauma	19
Rykkingar	ÞMA-8	Vélin tekin í notkun	4
Röng tvinnastilling	15	Viðgerðarspor	ÞMA-12
Saumfætur			
fótlyfta	14	Yfirlit yfir vél	2-3
skipt um fót	14		
þrýstingur á fót	14	Þræðing	
Saumhraði	18	á nál	8
Saumum eytt	24	á spólu	10
Skipt um		á tvíburanál	9
nál	12	á yfirtvinna	7
peru	28	Þræðispor fyrir efnishluta	ÞMA-11
saumfót	14		
stingplötu	29		
Skrautsaumar	ÞMA-27-46	Zik Zak spor	ÞMA-9
Smokksaumur	ÞMA-40		
Spólað á spóluna	10	Örvarhnappar	20
Spólað í gegn um nálina	11		
Spólan sett í vélina	10		
Sporbreidd	19		
Sporlengd	18		
Speglun (endaspeglun)	19, ÞMA-29		
Speglun (hliðarspeglun)	19, ÞMA-29		
Stingplatan fjarlægð	29		
STOP	18, ÞMA-32		
Styrktur beinn saumur	ÞMA-9		
Teikn á skjá	22		
Tenging við rafmagn	4		
Tengisaumur	ÞMA-39		
Teygjanlegir saumar	ÞMA-6		
Truflanir og ráð við þeim	30-31		
Tvinni	ÞMA-3		
Tvinnastilling	15		
Töluáfesting	ÞMA-23		
Umhirða um vélina	27-29		
Útlínustafir	21		



Yfirlit yfir innihald video kennslu-videospólu sem fylgir Platinum 750

Sérhver saumtækni á kennsluspólunni sem fylgir með vélinni er með númeri í efra hægra horninu, þannig að fljótlegt er að fara aftur á sama stað. Eftirfarandi tafla sýnir þá saumtækni sem sýnd er á video-spólunni.

- 1 Byrjun
- 2 Þræðing
- 3 Þræðari fyrir nál
- 4 Spólað á spóluna
- 5 Spólan sett í vélina
- 6 Byrjað að sauma
- 7 Skjár og snertiskjár
- 8 Saumfætur
- 9 Nálar
- 10 Stungusaumar og nálarstöður
- 11 Þræðingar og rykkingar
- 12 Styrktur beinn saumur
- 13 Kastsaumar
- 14 Kastsaumar á teygjanleg efni
- 15 Faldar á teygjanleg efni
- 16 Blindfaldur
- 17 Faldur á gallabuxnaefni
- 18 Ístopp og bætur
- 19 Hnappagatafótur með nema
- 20 Hnappagöt
- 21 Töluáfesting
- 22 Rennilásar
- 23 Saumar stilltir
- 24 Saumar og stafir forritaðir
- 25 Applíkeringar
- 26 Bútar saumaðir saman með 6mm saumfari
- 27 “Crazy Quilt” bútasaumur
- 28 Bútasaumur með handavinnuútliti
- 29 Bútasaumur
- 30 Aldamótasaumar
- 31 Tengispor
- 32 Mjókkun / breikkun á flatsaum
- 33 Frekari saumtækni
- 34 Fáanlegir aukahlutir
- 35 Umhirða um Platinum 750

Við áskiljum okkur fullan rétt til að breyta útliti eða notkunareiginleikum vélarinnar svo og fylgihlutum hennar án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða til bóta bæði hvað vélina varðar og einnig fyrir notandann.

